



Borgarráð

### ***Knattspyrnufélagið Víkingur***

Ákveðið hefur verið að Knattspyrnufélagið Víkingur muni þjóna Safamýrarhverfinu með íþróttastarf þegar Knattspyrnufélagið Fram hefur flutt starfsemi sína í Úlfarsárdal. Borgarráð hefur áður samþykkt að gerður verði samningur um atriði því tengt. Lagt er til að samhliða gerð þjónustusamnings við Víking vegna Safamýrar-svæðisins verði skoðaðar hugmyndir um endurnýjun og þróun íþróttamannvirkja í Víkinni, sem og eignarhald og rekstur þeirra mannvirkja.

### ***Greinargerð***

Á fundi borgarráðs 3.september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við 10 ára fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar. Endurbætur íþróttamannvirkja í Víkinni var eitt þeirra verkefna sem fjarllað var um í þeirri forgangsöðun.

Áriðandi er að rýna fyrirbyggjandi hugmyndir og kostnaðaráætlanir um endurbætur á Víkinni m.a með tilliti til þess að Víkingur mun innan tíðar einnig þjóna íþróttastarfi í Safamýri og taka við rekstri íþróttamannvirki á því svæði.

Dagur B. Eggertsson